

## AUGLÝSING

### um verndarsvæði í byggð.

Skilmálar sem um vernd og uppbyggingu verndarsvæðis gilda eru birtir á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is), ásamt ítarefni.

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Vopnafjarðarhrepps, að *Plássíð í miðbæ Vopnafjarðarkauptúns* verði gert að sérstöku verndarsvæði innan sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laganna.

*Plássíð í miðbæ Vopnafjarðarkauptúns* nær um elsta hluta byggðarinnar og felst sérstaða þess í menningarsögulegum arfi gamalla húsa og fjölda fornminja er tengjast sögu atvinnulífs, verslunar, sjósóknar og þróun þéttbýlis. Innan verndarsvæðisins er að finna þyrpingu 16 ólíkra húsa frá ýmsum tímabilum, og hafa fjögur þeirra verið endurgerð. Byggingarlína húsa við elstu götuna í kaptúninu, Kolbeinsgötu, er samfelld og hefur varðveist til dagsins í dag. Svæðið er um 3,7 ha að stærð. Mörk þess liggja frá Vopnafjarðarkirkju, sem er syðst á svæðinu, norður eftir Kolbeinsgötu, yfir á Miðbraut þar sem mörkin fylgja þeirri götu, að undanskilinni lóð við Miðbraut 4, að gatnamótum niður Kaupfélagshalla og til austurs. Þar fylgja mörkin útlínunum sláturhússins (Hafnarbyggð 8a) norðanmegin og hraðfrystihússins vestanmegin, í átt að Kaupvangi (Hafnarbyggð 4a). Áfram austanmegin við Kaupvang liggja mörkin í suðurátt að Kaupfélagsbryggju sem er öll innan svæðisins. Frá Kaupfélagsbryggjunni halda mörkin áfram til vesturs meðfram strandlengju Framtíðarvíkur og aftur að Vopnafjarðarkirkju. Lóð olútanka að Hafnarbyggð 4a er utan verndarsvæðisins.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 12. maí 2025.*

**Jóhann Páll Jóhannsson.**

---

*Stefán Guðmundsson.*

---

B deild - Útgáfudagur: 27. maí 2025